

## A 1823/hállbart

Flytjandi	Norræn vinstri græn
Afgreiðsla	Norræna sjálfbærninefndin

## Þingmannatillaga um norrænar aðgerðir um náttúrulegar lausnir til að binda og geyma koldíoxíð

### Tillaga

Norræn vinstri græn leggja til að

Norðurlandaráð beini þeim tilmælum til ríkisstjórna Norðurlanda

að þær auki aðgerðir við bindingu kolefnis í landbúnaði og skógrækt

að þær leggi áherslu á náttúrulegar lausnir til að binda og geyma koldíoxíð

### Bakgrunnur

Losun gróðurhúsalofttegunda hefur verið svo mikil undanfarna öld að jafnvel þótt verulega verði dregið úr losun í dag mun jörðin að öllum líkindum hitna um 1,5 gráður. Til að unnt sé að halda hlýnuninni innan við 1,5 gráður er þörf á svokallaðri „neikvæðri losun“.

Með því er átt við bindingu og geymslu á koldíoxíði. Einfaldasta aðferðin er fólgin í svokölluðum náttúrulegum loftslagslausnum sem felast í því að auka kolefnisbindingu í vistkerfum með því að endurheimta þau eða vernda. Í flestum sviðsmyndum sem milliríkjanefnd Sameinuðu þjóðanna um loftslagsmál, IPCC, hefur sett upp hefur verið gengið út frá að við þurfum að einbeita okkur að tvennu næsta áratuginn: Mannkynið verður að draga kröftuglega úr losun frá brennslu jarðefnaeldsneytis og um leið vernda og bæta við kolefnisviðtaka sem binda kolefni. Nýútgefin skýrsla nefndarinnar, *Climate Change and Land*, sem kom út hinn 8. ágúst 2019, rennir stoðum undir þennan boðskap og sýnir að náttúrulegir skógar, votlendi og sjálfbær landbúnaður hjálpi til við að vernda loftslagið.

Það er því mikilvægur hluti af lausninni á loftslagsvandinum að standa vörð um líffræðilega fjölbreytni því hún ver vistkerfi og eykur árlega kolefnisbindingu þeirra og heildarkolefnisbirgðir. Skýrsla IPCC getur því gefið vinnu við skógrækt án skógareyðingar, verndun skóga og votlendis og sjálfbæran landbúnað, sem allt getur verndað og aukið kolefnisbirgðir, byr undir báða vængi.

Nokkrar leiðir koma til greina við að ná fram neikvæðri losun, bæði svokallaðar náttúrulegar loftslagslausnir og tæknilegar. Mikilvægt er að einblína frekar á



náttúrulegar loftslagslausnir þar sem þær eru einfaldasta og öruggasta leiðin til að binda og geyma koldíoxíð.

Ljóstíllífun er áreiðanlegasta aðferðin við neikvæða losun. Þegar nýr skógur vex aukast kolefnisbirgðir hans ár frá ári og þar með eykst kolefnisbinding í skóginum öllum. Með því að draga úr skógarhöggi og leyfa trjám að eldast má auka kolefnisbirgðirnar verulega en það styður einnig við líffræðilegan fjölbreytileika. Kolefni binst og geymist í trjám og jarðvegi og því getur skógrækt eða endurheimt skóga einnig verið mjög jákvæð fyrir loftslagið. Náttúrulegar loftslagslausnir geta því lagt mikið af mörkum til loftslagsaðlögunar auk þess að geta gagnast við vinnuna við að viðhalda líffræðilegum fjölbreytileika. Með því að blanda laufttrjám í ríkari mæli inn í norræna skóga má til dæmis auka viðnámsþrótt vistkerfanna gagnvart þurrkum og öðrum loftslagsbreytingum.

Hvað tæknilegu lausnunum viðvíkur er stórum spurningum ósvarað um möguleika á framkvæmd og um kostnað. Fyrirhugaðar eru miklar aðgerðir á sviði líf-CCS (líforku með Carbon, Capture and Storage) sem felur í sér að líforka er brennd og koldíoxíð er bundið og geymt í jarðvegi. Búist má við að IPCC bendi á að umfangsmikið líf-CCS krefjist mjög stórra svæða undir lífmassaframleiðslu en hún gæti ógnað fæðuöryggi og öðrum sjálfbærnimarkmiðum Sameinuðu þjóðanna. Í stórum stíl eru tæknilegu lausnirnar bæði dýrar og áhættusamar.

Norræn vinstri græn telja að norrænu ríkisstjórnirnar eigi að leggja áherslu á náttúrulegar lausnir við að binda og geyma koldíoxíð.

Helsingfors, 2. september 2019

*Christian Juhl (EL)*

*Daniel Riazat (V)*

*Freddy André Øvstegård (SV)*

*Ina Strøjer-Schmidt (SF)*

*Kolbeinn Óttarsson Proppé (VG)*

*Lorena Delgado Varas (V)*

*Sofia Geisler (IA)*

*Steinunn Þóra Árnadóttir (VG)*

*Veronika Honkasalo (vinstri)*